



Fornleifaskráning

vegna mats á umhverfisáhrifum á
Hringvegi (01) um Djúpa í
Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu



Bjarni F. Einarsson. Febrúar 2000

Forsíðumyndin sýnir vörðu vestast á hinu kannaða svæði, skammt austur af Brunná. Ljósmynd. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Vegagerðina
Febrúar 2000

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar kannaði Fornleifafræðistofan fyrirhuguð vegastæði Hringvegarins um Djúpa í Skaftárhreppi, V – Skaftafellssýslu. Alls voru þrjár hugmyndir að vegastæði kannaðar (Lína 1 – 3). A.m.k. 50 m breið skák var könnuð, hvor sínum megin við veglínurnar. Engin efnistökusvæði voru könnuð, en umhverfi þriggja varnargarða, austan megin við Laxá, voru könnuð.

Syðsta veglínu-hugmyndin (lína 3) nær frá bænum Rauðabergi, næsta bæ austan við Djúpa, að Brunná, tæplega 7 km vegalengd. Miðlínan (lína 2) byrjar í austri skammt vestur af Rauðabergi og nær skammt vestur fyrir Brúará, samtals um 4,5 km. Nyrsta og stysta veglínu-hugmyndin (lína 1) byrjar skammt suður af brúnni yfir Djúpa í austri og endar skammt austur af Brúará, samtals tæpir 3 km. (sjá mynd 1 og kort).

Farið var í gegn um nokkrar heimildir svo sem Sýslu- og sóknarlýsingar, Örnefnaskrár, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og Friðlýsingarskrá.

Allar veglínurnar, auk varnargarðanna þriggja, voru kannaðar á vettvangi og fornleifa leitað.

Vettvangsvinna fór fram dagana 19. og 20. jan. síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar (t.d. 7:1-2 o.s.frv.). Aðeins voru aðalnúmer notuð nú. Hvert sveitarfélag hefur eigið númerakerfi frá 1 – n.

Aðstæður til skráningar voru góðar, en verri til ljósmyndunar.

Umboðsmaður verkkaupa var Steinn L. Sveinsson Vegagerðinni, og umsjónarmaður verkkaupa Þóra Vala Haraldsdóttir Vegagerðinni.

Ýmsar upplýsingar veittu bændur á Kálfafelli, Hvoli og Maríubakka. Einnig veitti Sigurður Björnsson í Kvískerjum upplýsingar sem komu að gagni. Með við vettvangskönnun var Ragnar Frank Kristjánsson, þjóðgarðsvörður í Skaftafelli. Kann ég þessum aðilum kærar þakkir fyrir ánægjuleg samskipti.

þegar um aldamótin 1900 (Brunn 1911:28-30), eru ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra vegaförum. Þær voru ekki kannaðar. Komi til efnistöku í nágrenni þessara staða þyrfti að kanna þá áður.

Skv. þjóðminjalögum frá 1990, með síðari breytingum, eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi fornleifanefndar (17. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Samtals fundust á hinu kannaða svæði 10 staðir með fornleifum. Á tveimur stöðum fundust tvær eða fleiri fornleifar, á öðrum aðeins einar. Samtals fundust 12 fornleifar eða rústir (hið minnsta) á þessum stöðum (sjá nánar fornleifaskrá).

Af þessum 10 stöðum telst aðeins einn hafa hátt minjagildi, rústir myllu, skammt suður af Kálfafelli (nr. 3), við læk sem rennur frá Björnstorfulind. Hann er ekki í neinni hættu.

Þrír staðir hafa talsvert minjagildi, fimm lítið og einn staður ekkert minjagildi.

<i>Nr.</i>	<i>Teg.</i>	<i>Fj.</i>	<i>Hættumat</i>	<i>Hættu</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Minjagildi</i>	<i>Friðlýst</i>	<i>Áaðmerkja?</i>
1:1	Vað	1	Landeyðing	Mikil	Lélegt	1550-1900	Ekkert	Nei	Nei
2:1	Uppspretta	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
3:1	Mylla	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt	Nei	Já
4:1	Varða	1	Vegagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
5:1	Slóði	1	Vegagerð	Mikil	Ágætt	1900-	Lítið	Nei	Nei
6:1	Beitarhús	1	Vegagerð	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
7:1	Stífla	1	Vegagerð	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
8:1	Vörður	2	Árrof	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
9:1	Stífla	1	Vegagerð	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
10:1	Fjánhús og þúst	2	Ekkert	Engin	Ágætt	1900-	Lítið	Nei	Nei

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar.

Í ágætu ástandi eru allir staðirnir nema einn, sem er í lélegu ástandi, en það er Eyjarvað, sem er horfið.



Mynd 2. Myllan skammt hjá Björnstorfulind. Ljósm. B.F.E..

Í mikilli hættu eru fimm staðir, þar af fjórir vegna hinnar fyrirhuguðu vegagerðar. Í lítilli hættu eru tveir staðir, þar af einn vegna vegagerðarinnar og í engri hættu eru þrír staðir (sjá mynd 1).

Allir staðirnir, nema tveir, voru taldir vera frá tímabilinu 1550 – 1900, hinir voru taldir yngri en 1900 og njóta því ekki verndunar þjóðminjalaga.

Ástæða er til að merkja einn stað, en það eru minjar um myllu (nr. 3), sem staðið hefur rétt hjá Björnstorfulind. Vatnsmyllur voru tiltölulega tíðar á svæðinu á síðustu öld (munnleg heimild: Sigurður Björnsson á Kvískerjum).

Engar fornleifar á svæðinu þykir ástæða til að friðlýsa sérstaklega.

Sögubrot

Árið 1753 varð stórhlaup í Djúpá (munnleg heimild Bergur Lárusson), en áin hefur oft verið til vændræða (Skaftafellssýsla 1997:167). Við það breytti áin um farveg á kafla og rann eftir það í megin atriðum þar sem hún rennur nú. Áður segja munnmæli að hún hafi runnið austur með Rauðabergsmúla og fram yfir hraunið (Rauðabergshraun) suður af bænum Rauðabergi.

Í hlaupi þessu árið 1753 gætu rústir og jafnvel eyðijarðir hafa skolast í burtu eða orðið undir framburði árinna. Við vegaframkvæmdir ber að hafa þann möguleika í huga að undir framburði Djúpár gætu komið í ljós fornleifar. Ber þá að stöðva framkvæmdir og tilkynna fundin Þjóðminjasafni Íslands. Fornleifanefnd úrskurðar hvort verkið megi framhalda og með hvaða skilmálum (sbr. þjóðminjalög, gr. 20).

Niðurstæða

Alls fundust 10 staðir með meir en 12 fornleifum á eða við hinar fyrirhuguðu veglínur Hringvegarins um Djúpa, auk væntanlegra varnargarða. Fjórir staðir eru í mikilli hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar, allir við línu 3, syðstu hugmyndina.

Lína 1. Verði þessi veglína fyrir valinu eru engar mótvægisáðgerðir vegna fornleifa nauðsynlegar aðrar en þær sem getið er hér að neðan.

Lína 2. Verði lína 2 fyrir valinu eru engar mótvægisáðgerðir nauðsynlegar aðrar en þær sem getið er hér að neðan. Þó skal bent á flókið áveitukerfi, sem er skammt sunnan við veglínuna (veiðihúsið). Varast ber að fara of nærri því.

Lína 3. Verði þessi lína fyrir valinu eru eftirfarandi mótvægisáðgerðir nauðsynlegar, auk þeirra sem getið er hér að neðan:

1). Teikna upp og kanna nánar beitarhús (nr. 6). Beitarhúsið er af algengri Skaftfellskri gerð (einnig til í Rangárvallasýslu) þar sem hlaðan er grafin niður fyrir enda fjárhússins. Oft er hlaðan hringlaga og kallast þá strympa. Algengt er að beitarhúsum sé komið fyrir á landamerkjum jarða og svo er tilfellið með þetta hús.

2). Teikna upp og ljósmynda stíflur (nr. 7 og 9). Æskilegt væri að teikna inn á góða loftmynd (1:2000) áveitukerfið í heild sinni.

Finnist áður óþekktar fornleifar við framkvæmdirnar ber að stöðva verkið og bíða úrskurðar fornleifanefndar. Vissar líkur eru til þess að slíkar minjar finnist.

Varast ber að taka efni nálægt hinum friðlýstu rústum eyðibýlisins Lundar og fornri rúst við Rofhól.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða efnisgeymslur of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa.

Heimildir

Brunn, D. „Ýmsar greinar. I. Lundur í Fljótshverfi.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1910*. Reykjavík 1911.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 13. bindi. Fylgiskjöl. Reykjavík 1990.

Kálfafell. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

Kálfafellskot. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

Skaftafellsýsla. *Sýslu- og sóknarlýsingar*. Reykjavík 1997.

Sýslulýsingar 1744 – 1749. Reykjavík 1957.

Þjóðminjalög 1989, nr. 88, 29. maí. Með síðari breytingum.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Vestur - Skaftafellssýsla	Skaftárhreppur	8509		1
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Kálfafell/Rauðaberg	-	Eyjarvað		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekka
Bjarni F. Einarsson	19.1.2000	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Vað		Hring 2000	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Mikil	Lélegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Ekkert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Norðan megin Djúpár er vaðið ca. 40 m suður af þjóðvegi 1, á áreyrum. (Sjá ljósmynd).

Heimildir og munnmæli

Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar.
Reykjavík 1997:167.
Bergur Helgason, bóndi í Kálfafelli.

Lýsing

Vað.

Nákvæm staðsetning vaðsins er ekki alveg viss, enda sjást engin ummerki um það lengur, hvorki slóðar að eða frá né önnur mannvirki. Vaðið telst því horfið og örnefnið eitt eftir.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Efri myndin er tekin af brúnni yfir Djúpá og er horft til vesturs. Sú neðri er tekin norðan við fjárhús frá Kálfholti og er horft til austurs.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Vestur - Skaftafellssýsla	Skaftárhreppur	8509		2
Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.	
Kálfafellskot?	-	Björnstorfulind		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	19.1.2000	N 63°56.25 W 017°41.30		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Uppspretta		Hring 2000	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Ca. 100 m S af þjóðvegi, á milli Laxár og Brúarár. Á grasi grónum hraunhellum. Hagi.

Heimildir og munnmæli

Bergur Helgason, bóndi í Kálfafelli.

Lýsing

Uppspretta.

Um fleiri uppsprettur er að ræða á afmörkuðu svæði. Megin uppsprettan (sjá efri ljósmynd) kemur upp undan áberandi hraunhellu eða kvos, sem myndar dálítinn skúta. Opið snýr mót N. Frá uppsprettunni rennur tær lækur í átt að fornleifum nr. 3 (myllu). Ca. 5 m A af opinu er hleðsla úr hraungrjóti. Vatnsleiðsla liggur frá opinu í átt að Kálfafelli. Er leiðslan falin undir malarhrygg, sem liggur að þjóðveginum. Sagt er að vatnið í uppsprettunni sé ávalt 2 gráður.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

--

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Núv. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Vestur - Skaftafellssýsla	Skaftárhreppur	8509		3
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Kálfafell	-	-		1

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	19.1.2000	N 63°56.26 W 017°41.23		-	<10

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
Mylla		Hring 2000	1				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	-			Já
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Hátt				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Ca. 180 m suður af þjóðvegi, á milli Laxár og Brúarár. Á grasi grónum hraunhellum á norðurbakka lækjar (uppsprettu). Hagi.

Heimildir og munnmæli

Bergur Helgason, bóndi í Kálfafelli.

Lýsing

Mylla.

4 x 4 m (NNV - SSA).

Veggir úr hraungrjóti, ca. 0,5 - 1 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir.

Dyr eru hugsanlega mót NV.

Rústin er ógreinileg í SA - hluta.

Garðar sjást ganga út frá rústinni. Annar liggur austanvert með litlu lóni ofan við mylluna. Hinn liggur yfir lækinn og rúma 10 m upp með læknum sunnanverðum.

Seinni garðurinn er ca. 0,5 m breiður og 0,1 - 0,2 m hár, en þar sem hann fer yfir lækinn er hann ca. 1 m breiður og þar sér í bert hraungrjótið.

Fyrstnefndi garðurinn er mjög áþekkur.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

--

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Nív. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Vestur - Skaftafellssýsla	Skaftárhreppur	8509		4
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Núpar	-	-		1

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	19.1.2000	N 63°54.52 W 017°43.01		-	<10

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
Varða		Hring 2000	1				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
Vegagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	-			Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Lítið				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Ca. 30 m SA af þjóðvegi. Efst á hraunhól í grasi grónu hrauni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Ca. 1 x 1,5 m (N - S), sporöskjulaga, 1 m há, úr grjóti.

Toppurinn er í spíss og stærstu steinarnir liggja í vörðunni neðanverðri.

Vestan við vörðuna og neðan við hólninn, sem hún stendur á, sér í vegstubb (N - S).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Á neðri myndinni má sjá snjóþyngdan vegaslóðan vestan við vörðuna.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Núv. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Vestur - Skaftafellssýsla	Skaftárhreppur	8509		5
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Hvoll	-	-		1

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	19.1.2000	N 63°54.59 W 017°42.03		-	<10

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
Slóði		Hring 2000	1				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
Vegagerð	Mikil	Ágætt	1900-	-			Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Lítið				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Í grónu hrauni. Nýlegur malarvegur liggur yfir slóðann þar sem hann var skoðaður. Slóðinn liggur með læk á kafla.
Í haga.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Slóði.

Ca. 2 m breiður og 0,3 - 0,5 m djúpur.
Slóðinn er greinilega ruddur og sjást í honum reiðgötur.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

GPS mælt við nýlegan malarveg að Hvoli.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Nív. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Vestur - Skaftafellssýsla	Skaftárhreppur	8509		6
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>	<i>Undirnr.</i>	
Hvoll	-	-	1	

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	19.1.2000	N 63°54.59 W 017°42.16		-	<10

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>
Beitarhús		Hring 2000	1
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>
Vegagerð	Mikil	Ágætt	1550-1900
<i>Í eyði</i>	<i>Timab. hættumat</i>	<i>Timab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
-			Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>
Talsvert			
<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Ca. 85 m N frá malarvegi, á lágum grasi grónum hraunhól. Í haga.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Beitarhús.

5,5 x 14 m (N - S).

Veggir úr grjóti, 1,5 - 2 m breiðir og 0,5 - 1,5 m háir.

Dyr snúa mót S, en þar vantar gafflvegginn.


Í norður enda er gólfið lægra og þar er sennilega hlaðan.

Garðlög eru greinileg að innanverðu.

Hugsanlega hefur mannvirkið verið stytta á sínum tíma.

Nálægt norður gaffli að vestanverðu, er stórt bjarg sem rústin liggur upp að.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

--

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Vestur - Skaftafellssýsla	Skaftárhreppur	8509		7
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Hvoll	-	-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	19.1.2000	N 63°55.06 W 017°41.40		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Stífla		Hring 2000	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Mikil	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

7 m N af malarvegi og ca. 20 m NV af gatnamótum (að Hvoli). Í læk.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Stífla.

Úr hraungrjóti, 3 m löng, 1 - 2 m breið og ca. 1 m há.

Stíflan liggur þvert yfir læk þar sem hann mjókkar talsvert. Hæðarmunur er tæpur 1 m á vatninu vestan og austan megin við stífluna.

Stíflan, eða grjótið í henni, er talsvert mosavaxin.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Stíflan er vafalítið hluti af miklu áveitukerfi þar sem uppsprettur og minni lækir eru beislaðir, m. a. til að hægt væri að slá votlendið. Í byrjun aldarinnar voru þær einnig til að veita vatni að rafstöð við Maríubakka.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Vestur - Skaftafellssýsla	Skaftárhreppur	8509		8
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Kálfafell?	-	-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	20.1.2000	N 63°56.09 W 017°39.28		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Vörður		Hring 2000	2				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Árrof	Lítill	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Ca. 250 m NNA frá stöð 4000 á syðstu veglínu (bláa línu), niður við áreyrar Djúpár, sinn hvorum megin við slóða.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Vörður.

Vörðurnar eru tvær og standa þær sinn hvorum megin við slóða sem liggur út á áreyrarnar. Er slóðinn, eða vegurinn, ruddur ca. 2 - 2,5 m breiður (efri mynd, vinstra megin).

1) Varða (efri ljósmynd).

Norðan við slóða, úr grjóti. Ca. 1,5 m í þvermál og 1,5 m há, nánast hringlaga.

Varðan stendur á stórum steini eða jarðföstu bjargi. Mosavaxin.

Ca. 11 m S af vörðu 1 er:

2) Varða (neðri ljósmynd).

Sunnan við slóða, úr grjóti. Ca. 1,7 x 2 m, sporöskjulaga og 1,0 m há.

Greina má aflangt grjót sem stendur út úr vörðunni miðri til ANA, eða í sömu stefnu og slóðinn.

Hugsanlega er annar svipaður steinn sem vísar til N.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

GPS mælt á milli varðanna. Landamerkjavörður?

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Vestur - Skaftafellssýsla	Skaftárhreppur	8509		9
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Hvoll	-	-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	20.1.2000	N 63°55.11 W 017°41.29		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Stífla		Hring 2000	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Mikil	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið				Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Ca. 8 m S af malarvegi, yfir læk í mýri.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Stífla.

Ca. 10 m löng (N - S), 1,5 - 2 m breið og ca. 1 m há. Úr grjóti. Grasi gróin.

Við miðju hefur stíflan fallið lítið eitt.

Hæðarmunur á vatninu sinn hvorum megin við stífluna er ca. 0,3 m.

Frá stíflunni gengur garður til S og undir malarveginn. Annar garður er ca. 5 m A við stífluna (NA - SV), handan við lítið lón ofan við (austan) stífluna.

Í kring um stífluna, sérstaklega til NA, er kerfi af varnargörðum og stíflum (áveitukerfi) sem gert var til að hægt væri að nýta svæðið til sláttu. Í byrjun aldarinnar var vatninu einnig beint að rafstöð (rafstöðvum?).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

--

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Núv. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Vestur - Skaftafellssýsla	Skaftárhreppur	8509		10
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>	<i>Undirnr.</i>	
Mariubakki	-	-	1	

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	20.1.2000	N 63°55.36 W 017°39.53		-	<10

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>
Fjárhús og þúst		Hring 2000	2
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>
Ekkert	Engin	Ágætt	1900-
<i>Í eyði</i>	<i>Timab. hættumat</i>	<i>Timab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
-			Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>
Lítið			
<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Ca. 10 m SV af rafmagnsstaur nr. 556, efst á grasi grónum hól í túni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Fjárhús og þúst.

1) Fjárhús.

10 x 11 m (NNA - SSV).

Veggir úr grjóti og torfi, 1 - 2 m breiðir og 0,2 - 1,2 m háir.

Þrjú hólff eru á rústinni (A - C). Dyr eru á hólffum B og C til suðurs, en þar vantar gaflveggina.

Gólf í hólfi A er niðurgrafið, trúlega er hér hlaða.

Í hólfi C eru mjög stór grjót.

Einstaka bárujárnsbrot og gaddavírsstubbar liggja við rústina.


Ca. 30 m SA af fjárhúsinu er þúst.

2) Þúst.

4 x 5 m (N - S). Veggir úr torfi/mold, 0,7 m háir.

Ekki er hægt að greina nánari lögun. Dyr virðast geta hafa snúið til N. Að sögn bóndans á Mariubakka var hér grafið fyrir vatni og staðurinn notaður sem vatnsból.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir